



11.9.2019

**Verk/Málefni: Ljósleiðaraverkefni**

**Til:** SH Leiðarans ehf

**Frá:** Guðmundi Danielssyni (GD)

**Samrit:** Eydís Indriðadóttir (EI), Sævar Eiríksson (SE)

**Varðar:** Lokaúttekt á verkefninu Flóaljós Nýlagn Ljósleiðara 2018-2019

**Almennt:**

Í framhaldi af forúttekt á verkinu var verktaka sendur úrbótalisti. Með tölvupósti þann 11.9.2019 staðfesti eftirlitsaðili verksins að allar þær ábendingar um úrbætur hafi verið lagfærðar.

Athygli verktaka er beint að því að í útboðsgögnum segir: Um dulda galla eða annað, sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði kafla 4.5 í ÍST30:2012 með þeim frávikum sem koma fram í útboðsgögnum.

**Niðurlag:**

Það staðfestist hér með að lokaúttekt hefur farið fram í samræmi við kafla 0.8.8. *Úttekt* í útboðsgögnum. Frá og með 11.9.2019 hefst því ábyrgðatími verksins, sem er 1 ár frá lokaúttektardegi.

F.h. Flóaljóss  
Guðmundur Danielsson

# Skammist ykkar.

**Stjórnir og trúnaðarmenn stéttarfélaganna í Suðurlandshéraði** furða sig á vinnubrögðum sveitarfélaganna þegar kemur að kjarasamningsgerð fyrir þá sem starfa á lægstu töxtunum. Vinnubrögð **samninganefndar sveitarfélaganna** einkennast af virðingarleysi og hroka gagnvart félagsmönnum stéttarfélaganna. Þetta vekur upp spurningar um hvort sveitarstjórnarmenn hafi veitt samninganefnd sveitarfélaganna umboð til þess.

Gildistími kjarasamninganna var til 31. mars sl. Kjarasamningar hafa verið lausir í sjö mánuði. **Stéttarfélögin skora á kjörna fulltrúa í bæjar og sveitarstjórnnum að sýna starfsmönnum sveitarfélaganna þá virðingu að bretta upp ermar og ljúka við kjarasamningsgerð.**

14.10 2019.

Fyrir hönd átta þúsund félagsmanna innan Starfsgreinasambands Íslands.

**Báran, stéttarfélag**

**Drífandi stéttarfélag**

**Verkalýðsfélag Grindavíkur**

**Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis**

**Verkalýðsfélag Suðurlands**

